

Hafnarfirði, 19.8.2016 2016
160580GG

Umsögn arkitekts vegna stækkunar, Garðavegur 13.

Þann 4.5.2016 sækja Birkir Marteinson og Halla Sigrún Sigurðardóttir, eigendur hússins að Garðavegi 13, um að reisa hæð ofan á húsið sk. teikningum Olgu Sigrúnar Sigfúsdóttur dags. 29.4.2016.

Fyrirhugaðar framkvæmdir voru grenndarkynntar. Ein athugasemd barst vegna mögulegs skuggavarps á verönd og skerðingar útsýnis af efri hæð fyrir íbúa og eigendur að Garðavegi 16. Í kjölfarið voru unnar myndir er sýna skuggavarp í götunni seinni hluta sumars.

Á myndum er sýna skuggavarp þ. 30. ágúst kl.18, miðað hækkun hússins að Garðavegi 13, má sjá að skuggi verður á hluta verandar við Garðaveg 16 við breytinguna.

Ekki verður séð út frá þeim myndum sem kynntar hafa verið og sýna skuggamyndun við hækkun á Garðavegi 13 að möguleiki til útivistar við Garðaveg 16 sé horfin síðsumars, þegar sólin er lágt á lofti. Í ljósi þess er fallist á hækkun hússins við Garðaveg 13 eins og innsendar teikningar sýna.

Virðingarfyllt,

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt